

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar
vegna íbúðarbyggðar í landi Litlu-Tunguskóga, Húsafelli.

Skipulagsstofnun staðfesti 27. október 2022 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. október 2022.

Í breytingunni felst að 30 ha hluti frístundasvæðis F128 verður skilgreindur sem íbúðarbyggð Í13. Frístundasvæðið minnkar sem því nemur og verður 68 ha eftir breytingu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 27. október 2022.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 11. nóvember 2022